

Nd.

214. Nefndarálit

[50. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Hálshreppi í Suður-Þingeyjarsýslu tiltekna landsspildu úr prestssetursjörðinni Hálsi í Hálshreppi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frv. var sent til umsagnar, og hafa umsagnir borizt. Mæla þær með sölu, en þó með skilyrðum, sem eru að mestu samhljóða. Í umsögn frá biskupi er lögð til aðild sóknarprests og héraðsprófasts um söluverð og ráðstöfun andvirðis, og í umsögn dómsmálaráðuneytisins og landnámsstjóra er lagt til, að veiðiréttur í Fnjóská sé undanskilinn, ef landið liggur að ánni. Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt frv. og flytur við það svofellda

BREYTINGARTILLÖGU:

Við 1. gr. bætist:

Undanskilinn við sölu er veiðiréttur í Fnjóská. Andvirði hins selda lands skal verja í þágu prestssetursins í samráði við sóknarprest og héraðsprófast.

Alþingi, 19. des. 1968.

Jónas Pétursson,
form., frsm.

Pálmi Jónsson,
fundaskr.

Stefán Valgeirsson.

Eyjólfur Konráð Jónsson.